

## ÁR BREYTINGA

- Heildartekjur jukust um 21% milli ára og námu 267,6 milljónum USD.
- Tekjur af leiguflugsverkefnum jukust um 62% á milli ára.
- EBITDA neikvæð um 18,2 milljónir USD og lækkar um 8,2 milljónir USD á milli ára.
- Eiginfjárhlutfall var 35% í lok mars.
- Handbært fé og skammtímaverðbréf nema 205,8 milljónum USD.
- Fyrstu þrjár B737 MAX vélarnar af sextán afhentar.
- EBITDA spá óbreytt 170-190 milljónir USD.

Púsundir USD	1. ársfj. 2018	1. ársfj. 2017	Breyt.	% Breyt.	12 mán. 2017
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Heildartekjur	267.619	222.075	45.544	21%	1.417.987
EBITDAR	-6.300	-1.625	-4.675	-	207.765
EBITDA	-18.211	-9.977	-8.234	-	170.076
EBIT	-46.213	-35.864	-10.349	-	49.645
EBT	-43.539	-37.338	-6.201	-	48.642
Tap/hagnaður tímabilsins	-34.528	-29.884	-4.644	-	37.538
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Heildareignir	1.587.162	1.422.289	164.873	12%	1.423.842
Eigið fé	554.861	510.065	44.796	9%	596.545
Vaxtaberandi skuldir	329.898	280.531	49.367	-	289.541
Handbært fé og markaðsverðbréf	205.816	322.850	-117.034	-36%	225.278
Vaxtaberandi skuldir umfram handbært fé	124.082	-42.319	-166.401	-	64.263
<b>Sjóðstreymi</b>					
Handbært fé frá rekstri	67.115	125.497	-58.382	-47%	205.603
Fjárfestingahreyfingar	-129.159	-75.782	-53.377	70%	-228.419
Fjármögnunarahreyfingar	30.802	23.520	7.282	-	14.554
Handbært fé í lok tímabils	191.257	300.172	-108.915	-36%	221.191
<b>Lykiltölur</b>					
Afkoma USD cent á hlut	-0,72	-0,61	-0,11	18%	0,77
Innra virði hlutafjár	14,21	12,78	1,43	11%	15,08
Eiginfjárhlutfall	35%	36%	-0,9 %-stig	-	42%
Veltufjárhlutfall	0,81	0,89	-0,08	-9%	0,99
Fjárfestingar, púsundir USD	191.384	47.280	144.104	-	166.131
Flutningatekjur % af heildartekjum	63,8%	67,0%	-3,2 %-stig	-	72,8%
EBITDAR hlutfall	-2,4%	-0,7%	-1,6 %-stig	-	14,7%
EBITDA hlutfall	-6,8%	-4,5%	-2,3 %-stig	-	12,0%
<b>Hlutabréf íslenskar krónur</b>					
Hæsta verð á tímabili	16,55	23,53	-6,98	-30%	23,53
Lægsta verð á tímabili	14,53	13,75	0,78	6%	13,13
Lokaverð tímabils	14,58	13,91	0,67	5%	14,71
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	72.900	69.550	3.350	5%	73.550

## **BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI**

---

„Rekstrarniðurstaða fyrsta ársfjórðungs er í takt við áætlanir. Tekjur aukast um 21% en eins og við höfðum gert ráð fyrir eykst tap milli ára. Fjárhagsstaða félagsins er áfram sterk og fjármögnun á nýjum flugvélum félagsins hefur gengið mjög vel.

Að undanfögnu höfum við gert verulegar breytingar á starfsemi félagsins. Skipulagi félagsins var breytt þar sem við skiptum starfsemi félagsins í tvennt; annars vegar alþjóðaflugstarfsemi og hins vegar fjárfestingar í annarri flugstarfsemi og ferðaþjónustu. Í framhaldi af því hafa verið gerðar miklar breytingar innan félagsins sem flestar snúa að samþættingu og hagræðingu, fækkun stjórnenda og styttingu boðleiða. Á sama tíma hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á fargjaldaflokkum og tekjustýringu. Þessar breytingar ganga vel og miða allar að því að skerpa á kjarnastarfsemi félagsins og bæta afkomu þess.

Við sjáum mikil tækifæri í vexti og viðgangi félagsins á næstu árum. Icelandair Group er með skýra stefnu, sterka fjárhagsstöðu og framúrskarandi starfsfólk. Það eru spennandi tímar framundan fyrir félagið.“

## FLUTNINGATÖLUR

- Farþegar Icelandair voru 659 þúsund og fjölgaði um 0,3%.
- Sætanýting í millilandaflugi var 76,3% og lækkaði um 1,1 prósentustig á milli ára.
- Seldum blokk tímum í leiguflygsverkefnum fjölgaði um 42%.

	1. ársfj. '18	1. ársfj. '17	% br.
<b>ICELANDAIR</b>			
Farþegafjöldi ('000)	659,2	657,1	0,3%
Sætanýting (%)	76,3	77,4	-1,1 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	2.675,6	2.566,6	4%
Seldir sætiskílómetrar ('000.000)	2.042,0	1.986,2	3%
Meðal fluglengd í km	3.111,9	3.013,0	3%
<b>FLUGFÉLAG ÍSLANDS</b>			
Farþegafjöldi ('000)	72,4	71,5	1%
Sætanýting (%)	60,0	63,9	-3,9 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	44,0	38,8	13%
Seldir sætiskílómetrar ('000.000)	26,4	24,8	6%
<b>LEIGUFLUG</b>			
Flotanýting (%)	100,0	99,0	1,0 %-stig
Seldir blokk tímur	8.658	6.078	42%
<b>FRAKTFLUTNINGAR</b>			
Seldir tonn kílómetrar ('000)	30.537	24.927	23%
<b>HÓTEL</b>			
Framboðnar gistinætur	79.765	80.730	-1%
Seldar gistinætur	61.720	64.657	-5%
Herbergjanýting (%)	77,4	80,1	-2,7 %-stig

Markaðurinn yfir N-Atlantshafið var stærsti markaður félagsins með 43% af heildarfarþegafjölda á fyrsta fjórðungi 2018. Hlutfallslega fjölgaði farþegum mest á heimamarkaðinum frá Íslandi, en fækkaði á ferðamannamarkaðinum til Íslands á milli ára.

Farþegar eftir mörkuðum '000	Q1 2018	Q1 2017	% br.	% hlutd. '18
Til	274,0	296,3	-8%	42%
Frá	104,3	88,1	18%	16%
Um	280,8	272,7	3%	43%
<b>Samtals Icelandair</b>	<b>659,2</b>	<b>657,1</b>	<b>0,3%</b>	<b>100%</b>

Á árinu 2017 var innleitt nýtt tekjubókhaldskerfi hjá Icelandair. Í ljós hefur komið villa við yfirfærslu gagna sem hefur leitt af sér skekkju í birtum samanburðartölum ársins 2017 á fyrsta ársfjórðungi 2018. Frávik hafa jafnframt komið fram í öðrum mánuðum ársins 2017. Heildarfjöldi farþega ársins 2017 er 0,2% hærra en áður hafði verið birt í farþegatölum. Sætanýting ársins hækkar og er 82,7% samanborið við 82,5%. Samanburðar tölum fyrir fyrsta ársfjórðung í töflunum hér að ofan hefur verið breytt til samræmis. Farþegar á fyrsta ársfjórðungi 2017 voru 0,3% fleiri en kom fram í kauphallartilkynningu 6. apríl sl.

## ÞRÓUN GJALDMIÐLA

Uppgjörsmýnt Icelandair Group er USD, en þar sem félagið starfar og selur þjónustu víða um heim þá hefur þróun annarra gjaldmiðla gagnvart USD töluverð áhrif á afkomu félagsins. Á fyrsta ársfjórðungi var ISK 11% sterkari gagnvart USD og EUR 4% sterkari. CAD og NOK veiktust aftur á móti gagnvart USD. Tekjur á Q1 2018 eru 21% hærrí en á sama tíma árið 2017. Á föstu gengi hækka tekjurnar um 15% milli ára.

Mynt	Meðalgengi 1. ársfj. '18	Breyting frá 1. ársfj. '17	Lokagengi 31.03 '18	Breyting frá 31.03 '17
ISK	0,010	11%	0,010	15%
EUR	1,230	4%	1,236	0%
GBP	1,392	2%	1,411	-2%
CAD	0,792	-5%	0,777	-10%
DKK	0,165	4%	0,166	0%
NOK	0,128	-3%	0,128	-5%
SEK	0,123	0%	0,120	-6%

## REKSTUR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS

Þúsundir USD	1. ársfj. '18	1. ársfj. '17	breyting	% breyting
EBITDAR	-6.300	-1.625	-4.675	-
EBITDA	-18.211	-9.977	-8.234	83%
EBIT	-46.213	-35.864	-10.349	29%
EBT	-43.539	-37.338	-6.201	17%
Tap tímabilsins	-34.528	-29.884	-4.644	16%
EBITDAR %	-2,4%	-0,7%	-1,6 %-stig	-
EBITDA %	-6,8%	-4,5%	-2,3 %-stig	-

Icelandair Group hefur innleitt IFRS 15 í reikningsskil sín frá og með 1. janúar 2018 og beitir staðlinum afturvirk. Meginregla IFRS 15 er sú að samkvæmni skal vera á milli þess tímabils sem tekjufærsla á sér stað og þess tíma sem þjónustan er veitt. Þetta hefur í för með sér seinkun á tekjufærslu ákveðinna tekna frá því sem áður var eins og breytinga- og bókunargjalda sem voru áður tekjufærð þegar bókun eða breyting fór fram en eru nú tekjufærð samhliða því flugi sem var verið að bóka eða breyta. Staðallinn tekur einnig til reikningshaldslegrar meðferðar þess kostnaðar sem fellur til við öflun tekna. Staðallinn heimilar að gjaldfærslu sé seinkað og hún fari fram samhliða og í því hlutfalli af þeirri þjónustu sem er verið að veita. Þetta tekur t.a.m. til gjaldaliða eins og bókunargjalda og korta- og sölupóknana. Þannig hefur samanburðafjárhæðum ársins 2017 verið breytt eins og félagið hefði innleitt staðallinn frá 1. janúar 2017. Breytingarnar eru útskýrðar nánar í árs hlutareikningnum.

USD þúsund	Alþjóðlegur flugrekstur		Eignarhlutir í flugrekstri		Eignarhlutir í ferðaþjónustu	
	1. ársfj. 2018	1. ársfj. 2017	1. ársfj. 2018	1. ársfj. 2017	1. ársfj. 2018	1. ársfj. 2017
Tekjur	179.836	154.596	52.282	35.594	35.501	31.885
EBITDAR	-15.929	-7.444	10.265	6.861	-636	-1.042
EBITDA	-18.374	-9.697	4.055	3.348	-3.892	-3.628
EBT	-37.469	-32.245	160	-165	-6.230	-4.928

### Alþjóðlegur flugrekstur

EBITDA var neikvæð og nam 18,4 milljónum USD og lækkaði um 8,7 milljónir USD á milli ára. Hækkandi eldsneytisverð, ásamt hærri launakostnaði og neikvæðum gengisáhrifum skýra verri afkomu á milli ára. Tekjur í alþjóðlegum flugrekstri voru alls 179,8 milljónir USD og jukust um 16%, þar af nam hækkun farþegatekna um 13%. Um 5% af þeirri hækkun skýrist af jákvæðum gengisáhrifum. Um 9% skýrast af aukinni framleiðslu og hækkun meðalverða. Lægri sætanýting á milli ára kemur til lækkunar um 1%. Fraktstarfsemi gekk vel í fjórðungnum sem skilaði sér í afkomubata milli ára.

### Eignarhlutir í flugrekstri:

Heildartekjur jukust um 47% á milli ára. Rekstur Loftleiða gekk mjög vel á fjórðungnum og var félagið með þremur fleiri vélar í verkefnum en á sama tíma á síðasta ári. Afkoman batnaði á milli ára. Rekstur Air Iceland Connect var aftur á móti þungur á fjórðungnum. Aukin framboðsáukning á milli ára skilaði sér ekki í bættri afkomu, vegna lægri sætanýtingar og meðalfargjalda en á sama tímabili á síðasta ári. Gripið hefur verið til aðgerða til að bæta reksturinn. Nánari umfjöllun um það má sjá undir kaflanum „Afkomuspá og horfur“.

### Eignarhlutir í ferðaþjónustu:

Veltuaukning var 11% á milli ára. Tekjur Icelandair Hotels drógust lítillega saman á milli ára, þar sem hluti herbergi voru lokuð á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, vegna endurnýjunar. Afkoma Iceland Travel batnaði á milli ára, einkum vegna styrkingar EUR á móti ISK, en tæpur helmingur gjalda félagsins er í ISK.

## TEKJUR

- Heildartekjur námu 267,6 milljónum USD og voru 21% hærri en á fyrsta ársfjórðungi 2017.
- Tekjur af farþegaflugi jukust um 14% á milli ára.

Þúsundir USD	1. ársfj. '18	1. ársfj. '17	breyting	% breyting	% af tekjum
Flutningatekjur:	170.795	148.759	22.036	15%	64%
Farþegaflug	155.810	136.798	19.012	14%	58%
Vöru- og pósthlutningar	14.985	11.961	3.024	25%	6%
Flugvéla- og áhafnaleiga	33.394	20.627	12.767	62%	12%
Aðrar rekstrartekjur	63.430	52.689	10.741	20%	24%
<b>Samtals</b>	<b>267.619</b>	<b>222.075</b>	<b>45.544</b>	<b>21%</b>	<b>100%</b>

Heildartekjur jukust um 21% á milli ára en tekjuaukningin á föstu gengi er 15%. Flutningatekjur jukust um 22,0 milljónir USD eða um 15% á milli ára. Í alþjóðlega leiðakerfinu jukust tekjur mest á N-Atlantshafsmarkaðinum. Aukning var einnig á heimamarkaðinum frá Íslandi, en tekjur lækkuðu á ferðamannamarkaðinum til Íslands. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu jukust um 12,8 milljónir USD eða 62%. Skýrist það af auknum umsvifum í leiguflugsverkefnum, en félagið var með þremur fleiri vélar í verkefnum en á sama tímabili á síðasta ári. Aðrar rekstrartekjur námu 63,4 milljónum USD og jukust um 10,7 milljónir USD eða um 20% miðað við fyrsta ársfjórðung 2017. Um helmingur skýrist af auknum tekjum af ferðaþjónustu. Söluhagnaður að fjárhæð 3,1 milljón USD var tekjufærður á fjórðungnum, vegna sölu á hreyfli og sölu á einni B737 MAX 8 sem var endurleigð til 8 ára.

<b>Púsundir USD</b>	<b>1. ársfj. '18</b>	<b>1. ársfj. '17</b>	<b>breyting</b>	<b>% breyting</b>
Vörusala í flugvélum og á hótelum	22.180	21.570	610	3%
Tekjur af ferðaþjónustu	24.735	19.803	4.932	25%
Afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt	5.753	3.998	1.755	44%
Seld viðhaldsþjónusta	819	652	167	26%
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	3.094	70	3.024	-
Aðrar rekstrartekjur	6.849	6.596	253	4%
<b>Samtals</b>	<b>63.430</b>	<b>52.689</b>	<b>10.741</b>	<b>20%</b>

## KOSTNAÐUR

- **Heildarkostnaður nam 285,8 milljónum USD.**
- **Helstu skýringar á auknum kostnaði eru hækkun launa- og starfsmannakostnaðar, eldsneytisverðshækkunar og styrking íslensku krónunnar.**

<b>Púsundir USD</b>	<b>1. ársfj. '18</b>	<b>1. ársfj. '17</b>	<b>breyting</b>	<b>% breyting</b>	<b>% af kostn.</b>
Laun og annar starfsmannakostnaður	113.129	86.261	26.868	31%	40%
Flugtengdur kostnaður	100.692	81.546	19.146	23%	35%
Annar rekstrarkostnaður	72.009	64.245	7.764	12%	25%
<b>Samtals</b>	<b>285.830</b>	<b>232.052</b>	<b>53.778</b>	<b>23%</b>	<b>100%</b>

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður námu 113,1 milljón USD samanborið við 86,3 milljónir USD á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Hér að neðan má sjá skýringar á hækkun launakostnaðar á milli ára. Helmingur hækkunarinnar skýrist af óhagfelldri gengisþróun, en nær allur launakostnaður samstæðunnar er í íslenskum krónum.

<b>Launakostn samtals 1. ársfj. '17</b>	<b>86,261</b>
Gengisáhrif	13,023
Breyting í fjölda stöðugilda	5,780
Samningsbundnar launahækkunar	6,205
Annað	1,861
<b>Launakostn samtals 1. ársfj. '18</b>	<b>113,129</b>

Upphæðir í USD þúsundum

Fjölgun stöðugilda má fyrst og fremst rekja til tveggja þátta. Annars vegar vegna fjölgunar áhafna vegna vaxtar félagsins auk þess sem ný flugvélátengd kallar á fleiri áhafnameðlimi í þjálfun á meðan á undirbúningstíma stendur. Hins vegar vegna stefnumótandi ákvarðana um að vinna ákveðna vinnu með eigin starfsmönnum í stað þess að kaupa þjónustuna af þriðja aðila. Á viðhaldssviði Icelandair hefur stöðugildum fjölgað um 42 milli ára. Breytingin felur í sér hækkun launakostnaðar en aðkeyptur viðhaldskostnaður lækkar á móti. Starfsmönnum í tengslum við stafræna þróun fjölgaði um 20. Aðkeypt þjónusta lækkaði á móti auk þess er um fjárfestingu til framtíðar að ræða sem öll er gjaldfærð. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að þessi fjárfesting skili sér á næstu misserum í auknum tekjum vegna betra viðmóts við farþega og lækkun kostnaðar vegna aukinnar sjálfvirknivæðingar.

Flugtengdur kostnaður nam alls 100,7 milljónum USD og jókst um 19,1 milljón USD, að langmestu leyti vegna hærri eldsneytiskostnaðar.

<b>Púsundir USD</b>	<b>1. ársfj. '18</b>	<b>1. ársfj. '17</b>	<b>breyting</b>	<b>% breyting</b>	<b>% af kostn.</b>
Eldsneytiskostnaður	49.547	37.857	11.690	31%	49%
Flugvélaleiga	8.304	5.575	2.729	49%	8%
Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld	24.169	20.286	3.883	19%	24%
Viðhaldskostnaður flugvéla	18.672	17.828	844	5%	19%
<b>Samtals</b>	<b>100.692</b>	<b>81.546</b>	<b>19.146</b>	<b>23%</b>	<b>100%</b>

Eldsneytiskostnaður nam samtals 49,5 milljónum USD og jókst um 11,7 milljónir USD eða 31% frá sama tíma í fyrra. Uppgjörsvæð félagsins að teknu tilliti til varna á fjórðungnum var að meðaltali 593 USD/tonn, og hækkaði um 34% á milli ára.

Flugvélaleiga nam 8,3 milljónum USD og hækkaði í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2017 um USD 2,7 milljónir USD sem samsvarar 49%. Skýrist það af fleiri flugvélum á leigu hjá Loftleiðum nú en á sama tíma á síðasta ári. Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld námu 24,2 milljónum USD og jukust um 3,9 milljónir USD eða 19%. Aukið umfang, verðhækkningar og hærri hlutfall fluga á stærri vélum skýra hækkunina. Viðhaldskostnaður nam 18,7 milljónum USD og jókst um 0,8 milljónir USD. Viðhaldskostnaður í leiðarkerfi Icelandair lækkaði milli ára en vegna aukins umfangs hjá Loftleiðum hækkaði viðhaldskostnaður í þeirri starfsemi.

Annar rekstrarkostnaður nam 72,0 milljónum USD og jókst um 7,8 milljónir USD á milli ára. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Þúsundir USD	1. ársfj. '18	1. ársfj. '17	breyting	% breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	8.697	6.509	2.188	34%
Samskiptakostnaður	5.883	5.979	-96	-2%
Auglýsingakostnaður	8.583	8.490	93	1%
Bókunargj., kreditkortþókn. og umboðslaun	10.212	9.537	675	7%
Kostnaðarverð seldra vara	6.035	5.871	164	3%
Þjónusta við farþega og hótélgesti	8.572	6.186	2.386	39%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	15.978	12.717	3.261	26%
Annar rekstrarkostnaður	8.049	8.956	-907	-10%
<b>Samtals</b>	<b>72.009</b>	<b>64.245</b>	<b>7.764</b>	<b>12%</b>

## FJÁRMAGNSLIÐIR

- Gengisáhrif voru jákvæð á tímabilinu.

Þúsundir USD	1. ársfj. '18	1. ársfj. '17	breyting	% breyting
Fjármagnstekjur	785	612	173	28%
Fjármagnsgjöld	-4.193	-3.410	-783	23%
Gengisáhrif	4.816	854	3.962	-
<b>Samtals</b>	<b>1.408</b>	<b>-1.944</b>	<b>3.352</b>	<b>-</b>

Fjármagnsgjöld á fyrsta ársfjórðungi námu 4,2 milljónum USD samanborið við 3,4 milljónir USD á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Gengisáhrif á fjórðungnum voru jákvæð að fjárhæð 4,8 milljónir USD samanborið við 0,8 milljónir USD á sama tímabili árið 2017.

## EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir námu 1,6 milljörðum USD í lok fyrsta ársfjórðungs.
- Eiginfjárhluftfall var 35%.
- Vaxtaberandi skuldir námu 329,9 milljónum USD.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>31.03.2018</b>	<b>31.12.2017</b>	<b>Breyting</b>
Heildareignir	1.587.162	1.423.842	163.320
Rekstrarfjármunir	775.018	652.705	122.313
Handbært fé og skammtímaverðbréf	205.816	225.278	-19.462
Eigið fé	554.861	596.545	-41.684
Vaxtaberandi skuldir	329.898	289.541	40.357
Vaxtaberandi skuldir umfram handbært fé	124.082	64.263	59.819
Eiginfjárhlutfall	35%	42%	-7 %-stig
Veltufjárhlutfall	0,81	0,99	-18%

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 775,0 milljónum USD og jukust um 122,3 milljónir USD frá ársbyrjun. Sjá nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum undir kaflanum um fjárfestingar hér á eftir. Í lok fjórðungsins var 51 flugvél í flugflotanum og fjölgaði þeim um 5 frá áramótum. Þar af voru 3 nýjar B737 MAX vélar, þær fyrstu af 16 sem félagið hefur pantað af Boeing og afhentar verða á næstu þremur árum. Gengið hefur verið frá fjármögnun á öllum vélunum sem afhentar hafa verið. Tvær eru fjármagnaðar með JOLCO (Japanese Operating Lease with Call Option), fjármögnunaraði er Sumitomo Mitsui Banking Corporation Europe Limited (SMBCE). Ein vélin er fjármögnuð með sölu og endurleigu (Sale and Leaseback). Jákvætt fjárfæði vegna JOLCO fjármögnunar á 2. ársfjórðungi nemur um 100 milljónum USD. Fjármögnunarkjörin eru hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir þegar kaupin voru ákveðin.

Af 51 vél í flota félagsins er 41 vél í eigu félagsins. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok fyrsta ársfjórðungs.

<b>Flugvélagerð</b>	<b>Icelandair</b>	<b>Cargo</b>	<b>Loftleiðir</b>	<b>Air Iceland Connect</b>	<b>Flugfloti 31.03.18</b>	<b>Flugfloti 31.12.17</b>	<b>Eigin vélar</b>	<b>Leigu- vélar</b>	<b>Breyt. frá 31.12.17</b>
B757-200	23	2	5		30	29	27	3	1
B757-300	2				2	1	2		1
B737 MAX 8	3				3	0	2	1	3
B767-300	4		2		6	6	4	2	0
B737-700			1		1	1		1	0
B737-800			3		3	3		3	0
Bombardier Q200				3	3	3	3		0
Bombardier Q400				3	3	3	3		0
<b>Total</b>	<b>32</b>	<b>2</b>	<b>11</b>	<b>6</b>	<b>51</b>	<b>46</b>	<b>41</b>	<b>10</b>	<b>5</b>

Eigið fé nam 554,9 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs og eiginfjárhlutfallið var 35%. Kaup á eigin bréfum komu til lækkunar á eigin fé að fjárhæð 7,5 milljónum USD ásamt arðgreiðslu sem samþykkt var á aðalfundi í mars. Arðurinn nam 0,15 US cent á hvern hlut og var samtals 7,3 milljónir USD. Í árslok 2017 var eiginfjárhlutfallið 42%. Hér að neðan má sjá greiningu á eigið fé.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>31.03.2018</b>
Eigið fé 1.1. 2018	591.535
Áhrif vegna IFRS 15	5.010
Kaup á eigin bréfum	-7.485
Afkoma tímabilsins	-26.945
Arðgreiðsla (0.15 US cent á hlut)	-7.254
<b>Eigið fé 31.03. 2018</b>	<b>554.861</b>

Vaxtaberandi skuldir námu 329,9 milljónum USD, samanborið við 289,5 milljónir USD í ársbyrjun. Afborganir langtímaskulda á fyrsta ársfjórðungi námu 2,7 milljónum USD. Handbært fé og skammtímaverðbréf námu samtals 205,8 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs 2018, samanborið við



225,3 milljónir USD í byrjun árs. Vaxtaberandi skuldir umfram handbært fé og markaðsverðbréf voru því 124,1 milljón USD í lok fjórðungsins.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>31.03.2018</b>	<b>31.12.2017</b>	<b>breyting</b>
Vaxtaberandi langtímaskuldir	281.206	280.254	952
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	48.692	9.287	39.405
Skammtímaverðbréf	14.559	4.087	10.472
Handbært fé	191.257	221.191	-29.934
<b>Vaxtaberandi skuldir umfram handbært fé</b>	<b>124.082</b>	<b>64.263</b>	<b>-59.819</b>

## SJÓÐSTREYMI

- **Handbært fé frá rekstri nam 67,1 milljón USD.**
- **Handbært fé í lok mars var 191,3 milljónir USD.**

<b>Þúsundir USD</b>	<b>1. ársfj. '18</b>	<b>1. ársfj. '17</b>	<b>breyting</b>
Handbært fé frá rekstri	67.115	125.497	-58.382
Fjárfestingahreyfingar	-129.159	-75.782	-53.377
Fjármögnunarahreyfingar	30.802	23.520	7.282
Handbært fé, breyting	-31.242	73.235	-104.477
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>191.257</b>	<b>300.172</b>	<b>-108.915</b>

Handbært fé frá rekstri á fyrsta ársfjórðungi nam 67,1 milljón USD og var 58,4 milljónum USD lægra en á fyrsta ársfjórðungi 2017. Fjármögnunarahreyfingar námu alls 30,8 milljónum USD og má sjá yfirlit yfir þær hér að neðan:

<b>Þúsundir USD</b>	<b>1. ársfj. '18</b>	<b>1. ársfj. '17</b>	<b>breyting</b>
Kaup á eigin bréfum	-7.483	-10.019	2.536
Arðgreiðsla	0	-5.044	5.044
Ný langtímalán	0	40.000	-40.000
Afborganir langtímalána	-2.664	-3.695	1.031
Ný skammtímalán	40.949	2.278	38.671
<b>Fjármögnunarahreyfingar alls</b>	<b>30.802</b>	<b>23.520</b>	<b>7.282</b>

## FJÁRFESTINGAR

Töluverðar fjárfestingar voru á fyrsta ársfjórðungi 2018. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu alls 189,5 milljónum USD, þar af var stærsti hlutinn vegna fjárfestinga í þremur B737 MAX 8 vélum, einni B757-300 vél og einni B757-200 vél. Ein B737 MAX 8 vélin var seld og leigð til baka á rekstrarleigu til 8 ára. Við þau viðskipti myndaðist söluhagnaður eins og fram kemur undir öðrum tekjum. Fjárfestingar í langtímakostnaði og óefnislegum eignum námu alls 1,9 milljónum USD.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>1. ársfj. '18</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	161.600
Hreyflayfirhöl eigin vélar	12.367
Aðrar fjárfestingar	15.521
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	189.488
Langtímakostnaður	
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	1.231
Óefnislegar eignir	664
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>191.384</b>

## HORFUR Í REKSTRI OG AFKOMUSPÁ 2018

---

- **Vísbendingar um að meðalfargjöld fari hækkandi**
- **Gott útlit í hótélrekstri félagsins**
- **Mjög góð fjárhagsstaða**

### Alþjóðaflugrekstur

Samkeppni er mikil á öllum mörkuðum félagsins og óvissa ríkir um þróun meðalfargjalda, en vísbendingar eru um að þau fari hækkandi. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur hækkað mikið undanfarið og er meðalverð í lok apríl nú 44% hærra en á sama tíma á síðasta ári. Þá hefur annar kostnaður flugfélaga einnig hækkað.

Með breyttum áherslum í tekjustýringu, meðal annars til að tryggja framboð á sætum fyrir vissa markhópa sem bóka hærri fargjöld með skemmri fyrirvara, er búið að selja lægra hlutfall framboðinna sæta á tímabilinu apríl-desember en á seinasta ári. Vegna þessa ríkir meiri óvissa um tekjuspá ársins en á sama tíma fyrir ári.

Icelandair hefur á undanförunum mánuðum aukið breiddina í vöruframboði sínu með það að markmiði að koma til móts við mismunandi óskir viðskiptavina. Economy Comfort farrýmið hefur verið lagt niður og um leið hafa skilmálar og þjónusta á Saga Premium og Economy Class verið endurnýjuð. Með þessu endurspeglar fargjaldaverðið betur en áður þá þjónustu sem viðskiptavinurinn nýtur, allt frá Economy Light upp í Saga Premium Flex. Breytingarnar í uppbyggingu fargjaldanna byggjast meðal annars á umfangsmikilli stafrænni þróunarvinnu undanfarinna missera sem gerir Icelandair kleift að þróa vöruframboð sitt með hagkvæmum hætti og bregðast hratt við breyttum aðstæðum á markaði ef þörf er á.

Icelandair hefur tekið á móti fyrstu þremur B737 MAX vélunum af þeim sextán sem félagið hefur fest kaup á. Fyrsta vélin hefur verið í rekstri síðan um miðjan apríl og hefur rekstrarhagkvæmni hennar verið í samræmi við væntingar. Eldsneytisnotkun hennar er umtalsvert minni en á B757-200 vélum Icelandair eða um 28% á hvert framboðið sæti. Önnur og þriðja vélin eru áætlaðar í rekstur í maí. Alls verða 33 flugvélar nýttar til farþegaflugsins næsta sumar: 26 B757, 4 B767-300 auk nýju B737 MAX 8 vélanna.

Áætlað er að farþegar verði um 4,4 milljónir talsins á árinu 2018 og muni fjölga um 350 þúsund frá fyrra ári. Eins og áður hefur verið tilkynnt um þá bætast við sex nýjir áfangastaðir á árinu, San Francisco, Kansas, Cleveland, Baltimore og Dallas í Bandaríkjunum og Dublin á Írlandi.

### Eignarhlutir í flugtengdri starfsemi

Horfur í leiguflugstarfsemi Loftleiða Icelandic eru góðar á árinu 2018. Er gert ráð fyrir að félagið verði með um þremur fleiri vélar í útleigu en árið 2017 vegna nýrra langtímaverkefna. Einnig er gert ráð fyrir að rekstur ferðaskrifstofunnar Vita muni ganga vel á árinu. Air Iceland Connect er með sex flugvélar í rekstri árið 2018. Rekstur félagsins er krefjandi og hefur verið gripið til hagræðingaraðgerða til að bæta reksturinn. Frá og með miðjum maí verður flugi á Bombardier Q400 milli Keflavíkur og Akureyrar hætt ásamt því að félagið mun hætta að fljúga til áfangastaða í Bretlandi, en þeir hafa verið tveir, Aberdeen og Belfast. Félagið mun í framhaldinu einbeita sér að innanlandsflugi og flugi milli Íslands og Grænlands. Fjölgun hefur verið í notkun erlendra ferðamanna á innanlandsflugi og aukin nýting þeirra á Íslandi sem tengistað fyrir flug til Grænlands. Jafnframt er verið að vinna að frekari samþættingu Air Iceland Connect við Icelandair.

### Eignarhlutir í ferðapjónustu

Árið 2018 er gert ráð fyrir um 10% fjölgun ferðamanna sem koma til Íslands. Útlit í starfsemi Icelandair Hotels er gott fyrir árið 2018. Hagræðingaaðgerðir sem ráðist hefur verið í hafa skilað sér og meðal annars er gert ráð fyrir að launahlutfall lækki þrátt fyrir neikvæð áhrif gengis og samningsbundinna

hækkana. Bókunarflæði er sterkt en á móti kemur að verðviðkæmni gætir meðal gesta, sem eyða minna en áður. Í byrjun mars opnaði félagið nýtt 50 herbergja hótél í miðbænum: Reykjavík Konsúlat og um miðjan apríl tilkynnti félagið um kaup á Hótél Öldu, 89 herbergja hóteli í miðbæ Reykjavíkur. Eru kaupin liður í stefnu félagsins að reka hágæða hótél og byggja upp gistimöguleika fyrir ferðamenn sem sækjast eftir gæðaupplifun. Jafnframt er gert ráð fyrir nokkrum samlegðaráhrifum í rekstri Öldu samhliða öðrum hótélum félagsins í Reykjavík. Rekstrarhorfur Iceland Travel eru einnig góðar. Eftirspurn er svipuð og á árinu 2017 og megináherslan er sett á aukna skilvirkni og samkeppnishæfni félagsins. Samt sem áður verður að hafa í huga að kostnaðarhækkunar á Íslandi hafa haft þau áhrif að framlegð af ferðatengdri þjónustu á Íslandi hefur farið lækkandi, þrátt fyrir mikla aukningu í fjölda ferðamanna til landsins. Eins dvelja erlendir ferðamenn skemur á landinu en áður.

### Afkomuspá 2018

Verð á þotueldsneyti (án tillits til varna) er áætlað 670 USD/tonn að meðaltali fyrir tímabilið apríl-desember 2018. Að teknu tilliti til varna má gera ráð fyrir að 10% hækkun á eldsneytisverði hafi neikvæð áhrif á EBITDA að fjárhæð USD 10,7 milljónir. Staða eldsneytisvarna í lok mars er dregin fram í töflunni hér á eftir.

Tímabil	Áætluð notkun (tonn)	Skipta-samningar	Hlutfall varið	Meðalverð skiptasamn. USD
Apr 18	28.482	14.500	51%	544
Maí 18	38.756	20.500	53%	539
Jún 18	47.652	27.550	58%	523
Júl 18	50.686	26.650	53%	522
Ágú 18	50.037	27.650	55%	543
Sep 18	43.794	24.550	56%	574
Okt 18	35.309	18.500	52%	559
Nóv 18	29.020	15.450	53%	573
Des 18	27.952	16.450	59%	586
Jan 19	25.445	15.250	60%	621
Feb 19	22.406	12.250	55%	624
Mar 19	28.459	12.250	43%	609
<b>12 mánuðir</b>	<b>427.998</b>	<b>231.550</b>	<b>54%</b>	<b>560*</b>
Apr 19	29.825	7.000	23%	619
Maí 19	40.629	15.000	37%	608
Jún 19	49.967	4.000	8%	606
Júl 19	53.141	0	0%	-
Ágú 19	52.459	0	0%	-
Sep 19	45.918	0	0%	-
<b>13-18 mánuðir</b>	<b>271.938</b>	<b>26.000</b>	<b>10%</b>	<b>611*</b>

\* Vegið meðalverð

Uppfærðar forsendur gera ráð fyrir að gengisvísitala ISK sé að meðaltali 158 það sem eftir lifir árs samanborið við 162 í síðustu spá og gengi EUR gagnvart USD er spáð að meðaltali 1,23 á tímabilinu apríl – desember samanborið við 1,20 í febrúarspánni. Bókanir fyrir apríl hafa verið veikari en á sama tíma á síðasta ári og bókunarflæði fyrir maí er jafnframt hægara. Er því gert ráð fyrir að afkoma á öðrum fjórðungi versni á milli ára. Þrátt fyrir þetta er EBITDA spá fyrir árið í heild óbreytt 170-190 milljónir USD.

## KYNNINGARFUNDUR 2. MAÍ 2018

---

Icelandair Group birtir uppgjör sitt fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2018, mánudaginn 30. apríl 2018. Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn miðvikudaginn 2. maí 2018 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30 í sal 2. Morgunverður í boði frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: [www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is) og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Hægt verður að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni:

<http://www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/webcast-next/>

## SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

---

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors fyrsta ársfjórðungs 2018 var samþykktur á stjórnarfundum þann 30. apríl 2018.

## FJÁRHAGSDAGATAL

---

- Uppgjör 2. ársfjórðungs – 31. júlí, 2018
- Uppgjör 3. ársfjórðungs – 30. október, 2017
- Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2019
- Aðalfundur – vika 10, 2019

## FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

---

- Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801